



Reykjavík, 2. september 2021

R21090043

Lagt fyrir fund mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 9. september 2021

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

**Sendandi:** Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

---

**Efni:** Skýrsla rússneska utanríkisráðuneytisins um stöðu mannréttinda í heiminum

### Inngangur

Þann 8. júlí 2021 birti rússneska utanríkisráðuneytið skýrslu um stöðu mannréttinda í heiminum<sup>1</sup> og var Ísland á meðal þeirra landa sem þar voru nefnd. Skýrslan fjallar um atriði sem rússnesk stjórnvöld telja lönd heimsins þurfa að bæta á sviði mannréttinda. Fréttablaðið birti í framhaldi grein um skýrsluna og vísaði þar sérstaklega til þeirra atriða sem Ísland er gagnrýnt fyrir.<sup>2</sup> Fréttin vakti athygli mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar.

### Athugasemdir rússneskra stjórnvalda um stöðu mannréttinda á Íslandi

Í skýrslunni segir m.a. að Ísland álíti sig afar framarlega á sviði mannréttinda og leggi stjórnvöld mikla áherslu á málaflokkinn. Þó hafi ýmis stefnumótun stjórnvalda verið umdeild. Til að mynda kveði ný löggjöf um kynrænt sjálfræði á um rétt einstaklinga til að skilgreina kyn sitt utan við karl- eða kvenkyn. Á sama tíma séu einstaklingar sem eru ósammála þessari stefnu stjórnvalda ofsóttir. Sem dæmi um eitt slíkt mál er vísað til máls Péturs Gunnlaugssonar sem lét frá sér „óhefðbundin“ ummæli um hinsegin fólk í beinni útsendingu. Pétur var kærður af Samtökunum '78 árið 2016 fyrir ummæli sín í þættinum *Línan er laus* á Útvarpi Sögu þar sem hinsegin kennslu barna í Hafnarfirði var líkt við barnaklám. Pétur var sýknaður af Héraðsdómi Reykjavíkur árið 2017 þar sem ekki var talið að um hatursorðræðu væri að ræða.

Það vekur athygli að skýrslan gagnrýnir jafnframt að tilvik hatursorðræðu fari fjölgandi, en í því samhengi er vísað til kynþáttahaturs. Einnig kemur fram að borið hafi á hatursfullum skilaboðum nýnasista. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að bregðast við þessum vanda hafi ekki verið nægilega

---

<sup>1</sup> Human Rights Situation in Certain Countries, Ministry of Foreign Affairs of the Russian Federation. 2021. [https://www.mid.ru/en/foreign\\_policy/humanitarian\\_cooperation/-/asset\\_publisher/bB3NYd16mBFC/content/id/4025481#14](https://www.mid.ru/en/foreign_policy/humanitarian_cooperation/-/asset_publisher/bB3NYd16mBFC/content/id/4025481#14)

<sup>2</sup> Fréttablaðið, laugardaginn 21. ágúst. 2021. <https://frettabladid.overcastcdn.com/documents/210821.pdf>



áhrifamiklar. Þá væri trúfrelsi á Íslandi takmarkað, meðal annars þar sem ekki væri skilið milli ríkis og kirkju, en jafnframt væri kirkju Lútherstrúarmanna veitt forréttindi samkvæmt stjórnarskrá landsins. Í því samhengi hafi mikillar andstöðu gætt í garð byggingar mosku í Reykjavík.

Í skýrslunni er vakin athygli á því að lögreglan hafi ekki nægilegt fjármagn til að rannsaka mansal og að slík mál fari sjaldan á borð lögreglu. Tíðni heimilis- og kynferðisofbeldis sé há og erfitt sé fyrir þolendur að leita réttar síns, m.a. þar sem fórnarlömb ofbeldis séu ekki tekin alvarlega.

Þó svo að bann við pyndingum og annarri grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sé almennt virt á Íslandi megi finna dæmi um ónauðsynlega beitingu valds af hendi lögreglu í garð einstaklinga í haldi. Þá séu dæmi um að ungir afbrotamenn séu fangelsaðir með fullorðnum afbrotamönnum.

Að lokum er athygli vakin á því að ríkið gefi út lista yfir nöfn sem leyfilegt er að gefa börnum í landinu. Viljir þú leggja fram beiðni um að kalla barn þitt öðru nafni standir þú frammi fyrir gríðarlegum erfiðleikum innan kerfisins og taki slíkt ferli langan tíma. Til að gæta réttar síns á þessu sviði þurfi ríkisborgarar að snúa sér til dómstóla, jafnvel til Mannréttindadómsóls Evrópu.

### Atriði skýrslunnar sem vert er að skoða betur

Að mati mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkur geta Íslendingar vissulega fagnað þeim framförum sem hafa orðið í mannréttindamálum hér á landi síðustu ár. Í því samhengi má nefna þá útvíkkun sem orðið hefur innan jafnréttismála hér á landi. Íslensk löggjöf viðurkennir nú mannréttindi fleiri hópa en víðast hvar í heiminum. Þar má nefna lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði og lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði – þar sem Ísland telur upp fleiri breytur en finna má í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum. Enn eru þó fjölmörg tækifæri til umbóta.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa tekur undir athugasemdir skýrslunnar um að leggja þurfi aukna áherslu á að útrýma kynþáttafordómum og sporna gegn hatursorðræðu hér á landi. Styrkja þarf málaflokkinn með fræðslu, forvörnum og frekari aðgerðum. Sá hópur sem oftast verður fyrir slíku ofbeldi eru innflytjendur og beinist orðræðan þá gjarnan gegn kynþætti eða trú viðkomandi. Hatursorðræða hér á landi hefur þó einnig beinst að fólki eða hópum fólks á grundvelli fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar og fleiri þáttum.

Skýrslan gagnrýnir einnig að trúfrelsi á Íslandi sé takmarkað þar sem þjóðkirkjunni sé veitt sérstök staða umfram önnur trú- eða lífsskoðunarfélög. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa hefur reglulega ítrekað mikilvægi þess að Reykjavíkurborg sýni öllum borgarbúum virðingu óháð trú, trúleysi þess eða skoðunum. Það er ekki síst mikilvægt í uppeldis-, tólstunda- og menningarstarfi á vegum borgarinnar. Því er mikilvægt að grunnskólar gangi ekki út frá því að allir nemendur aðhyllist sömu trú eða séu trúaðir. Í skólasterfi má ekki hampa einni trú eða lífsskoðun umfram aðra og gæta skal hlutleysis í framsetningu námsefnis og í kennslu barna.

Í skýrslunni er einnig fjallað um kynferðisofbeldi og heimilisofbeldi hér á landi. Lögreglu bárust hátt í fimmhundrað og áttatíu tilkynningar um heimilisofbeldi á fyrstu sex mánuðum ársins, sem er um hundrað og tuttugu fleiri en á sama tíma árið 2019. Covid-19 faraldurinn hefur haft áhrif á þessar tölur þar sem fólk hefur varið meiri tíma heima fyrir en áður. Slíkum tilkynningum hefur þó fjölgað jafnt og þétt á síðustu sjö árum.<sup>3</sup> Þessi þróun er áhyggjuefni, en á sama tíma er mikilvægt að hafa í huga að með

---

<sup>3</sup> Fréttastofa RÚV, 2.9.2021. <https://www.ruv.is/frett/2021/09/02/heimilisofbeldi-kann-ad-stigmagnast-hradar-en-adur>



aukinni umræðu og sýnileika þessa málaflokks í samfélaginu, t.d. með verkefnum á borð við *Saman gegn ofbeldi* sem stofnað var árið 2015, hafa fleiri fórnarlömb ofbeldis ákveðið að stíga fram. *Saman gegn ofbeldi* er áttak Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í því að auka þekkingarmiðlun og bæta verklag í heimilisofbeldismálum. Kvennaathvarfið og Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu taka einnig þátt í verkefninu.

Hvað athugasemdir skýrslunnar um mansal varðar hefur aðeins verið sakkfellt í einu mansalsmáli á Íslandi þrátt fyrir að yfirvöld viti til þess að mansal sé stundað hér á landi. Ástæðurnar eru margar en rannsókn þessara mála getur verið erfið og fórnarlömbin yfirgefa oft landið áður en þau geta borið vitni fyrir dómi. Þá hefur skilgreining mansals í íslenskum lögum verið mjög þröng en á þessu ári samþykkti Alþingi frumvarp þar sem hugtakið var víkkað út. Vernd þolenda mansals hefur nú verið aukin, ekki síst kvenna og barna sem seld eru í vændi eða misnotuð kynferðislega með öðrum hætti. Einnig var skerpt á vernd einstaklinga sem sætt hafa vinnumansali eða annars konar nauðungarþjónustu. Nú er unnið að stofnun ráðgjafarteymis innan lögreglunnar undir forystu embættis ríkislögreglustjóra sem hefur það hlutverk að vera öllum lögregluembættum landsins til ráðgjafar þegar kemur að mansali.

## Mannréttindi í Rússlandi

Í ljósi framangreindra athugasemda er áhugavert að skoða ársskýrslu Amnesty International fyrir árið 2020 og þær athugasemdir sem þar koma fram um stöðu mannréttinda í Rússlandi. Það vekur athygli að athugasemdir rússneskra stjórnvalda um stöðu mannréttinda á Íslandi beinast að miklu leyti að atriðum sem Rússland hefur verið harðlega gagnrýnt fyrir í skýrslum Amnesty International. Samkvæmt síðustu skýrslu samtakanna hefur Covid-19 heimsfaraldurinn varpað ljósi á bresti í rússneska heilbrigðiskerfinu. Heilbrigðisþjónusta í fangelsum var sérstaklega ábótavant. Samkvæmt upplýsingum samtakanna var Tatyana Revva, læknir sem tjáði sig opinberlega um þörfina fyrir hlífðarbúnað fyrir heilbrigðisstarfsfólk vegna Covid-19, ávítuð og hótað uppsögn fyrir ummælin. Stjórnvöld hafa notað faraldurinn sem átyllu til að beita hörðum aðgerðum gegn öllum sem mótmæla stefnu þeirra, m.a. með nýjum lögum sem eiga að koma í veg fyrir falsfréttir. Áreiti, ofsóknir og líkamleg valdbeiting í garð fréttamanna hélt áfram. Friðsöm mótmæli hafa verið stöðvuð og aðgerðarsinnar á sviði mannréttinda handteknir. Ofsóknir gegn Vottum Jehóva hafa aukist. Pyndingar eru enn stundaðar, að mestu án afleiðinga fyrir þá sem beita slíku ofbeldi. Heimilisofbeldi hefur einnig aukist í faraldrinum. Í júní 2020 komst Mannréttindadómstóll Evrópu að þeirri niðurstöðu að meðferð heimilisofbeldismála í rússneska dómkerfinu sé svo léleg að með afskiptaleysi sínu hafi ríkið gerst brotlegt gegn banni við pyndingum og annari grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð. Þá heldur ríkið áfram að brjóta rétt fólks til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar fyrir sjálfstæðum og óvilhøllum dómstóli. Hinsegin samfélagið býr enn við mismunun og ofsóknir. Nýlega var stjórnarskrá landsins breytt svo að orðið hjónaband er nú skilgreint sem „bandalag karls og konu“, sem styrkir frekar löggjöf sem hindrar hjónabönd samkynhneigðra og takmarkar réttindi þeirra að öðru leyti, t.a.m. möguleika þeirra á að ættleiða börn.

## Samantekt

Reykjavíkurborg leggur áherslu á jafnrétti borgarbúa og hefur einsett sér að vera í fararbroddi á sviði mannréttinda. Miklar framfarir í þágu mannréttinda hafa átt sér stað á hér á landi á síðustu árum þó að enn séu fjölmörg tækifæri til umbóta. Skýrsla rússneska utanríkisráðuneytisins um stöðu mannréttinda á Íslandi vakti því athygli mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, enda áhugavert að fylgjast með hvaða hugmyndir önnur ríki hafa um Ísland. Það sem vakti sérstaklega athygli við lestur skýrslunnar voru viðhorf rússneska utanríkisráðuneytisins til laga um kynrænt sjálfræði og áherslur á hinsegin fræðslu í



grunnskólum sem lesa mátti úr fyrstu línunni skýrslunnar, en að sama skapi ábendingar um þróun hatursorðræðu hér á landi. Stutt yfirferð um stöðu mannréttindamála í Rússlandi samkvæmt heimildum Amnesty International var því áhugaverð viðbót við þessa umfjöllun.

Íslenskt samfélag þarf að vera vakandi gagnvart fordómum og umburðarleysi líkt og aðrar þjóðir heimsins. Við megum ekki missa sjónar af lokatakmarkinu sem er jafnrétti fyrir alla óháð uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.

Guðrún Elsa Tryggvadóttir

lögfræðingur

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar